

Viðsjárverðir hæfileikar.

I.

Frú E. Garrett, sem er mjög nafnkunnur miðill, segir í nýút-kominni bók (sbr. *Light*, 30. nóv. s.l.) m. a. frá tilraunum sem hún gerði ásamt kunnum lækni búsettum á Nýfundnalandi. Var lækni­rinn heima hjá sér, en frúin í New York. Það nægir að segja frá því, að þegar lækni­rinn las — ekki upp­hátt — (í bók eftir Einstein), þá gat frúin í New York lesið hraðritara fyrir þetta sem lækni­rinn var að lesa. Einnig lækni­r þessi hefir dulræna hæfileika til að bera, og gat t. d. lýst breyt­ingum á svefnherbergi frúar­innar, sem gerðar höfðu verið eftir að hann hafði komið þar síðast.

II.

Því fer fjarri mjög, að þetta sem sagt var frá sé eins dæmi, og mætti t. d. nefna bók eftir enska hefðarkonu — Mrs. Parsons, ef eg man nafnið rétt — þar sem sagt er frá því hvernig

frúin gat með nákvæmni vitað í önnur hús og um það sem þar gerðist. Er þessi fjarskygni frúarinnar vel vottfest. Er annað eins og þetta góð hjálpi til að skilja, að ekki muni það vera skáldskapur einn, þegar Njála segir að Helgi Njálsson hafi í Orkneyjum getað vitað hvað til tíðinda gerðist á Skotlandi, eða það sem segir af skygni (og skygnistrufunum) Hákonar jarls. Einnig bendir slíkt nægilega til þess, hvernig skýra á hin furðulegu ferðalög farfuglanna.

III.

Mér er kunnugt um mann hér í Reykjavík, sem slíka hæfileika hefir til að bera á mjög háu stigi, en fer mjög dult með, of dult, því að hann gæti frá ýmsu sagt, sem býsna fróðlegt mundi þykja. En maður þessi mun hafa sínar ástæður til þess að vilja ekki þá frægð, sem hann ófaði mundi hljóta, ef hann segði eitthvað af þessum furðulegu hæfileikum sínum og frá því, hvernig hann hefir notað þá.

12. des.

Helgi Pjeturss.

U

22. 12. 39